



502. fundur Þingvallanefndar

22. mars 2023 kl. 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Vilhjálmur Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Andrés Ingi Jónsson, Orri Páll Jóhannsson, Tómas Tómasson og Þórarinn Ingi Pétursson varamaður Hafdísar Hrannar Hafsteinsdóttur. Berglind Ósk Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundssen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund

Dagskrá:

1. Sumarbústaðarmál
Lögð fram tvö erindi um forkaupsrétt og framsal lóðaleiguréttinda, Valhallarstígur nyrðri 8 og Valhallarstígur nyrðri 10.
Umræður um erindi.
Þingvallanefnd samþykkir samhljóða að óska eftir heimild til að nýta forkaupsrétt að Valhallarstíg nyrðri 8. Þjóðgarðsverði er falið að undirbúa málið áfram í samráði við lögmann Þingvallanefndar.
Meirihluti Þingvallanefndar samþykkir að falla frá forkaupsrétti að Valhallarstíg nyrðri 10.
Oddný Harðardóttir situr hjá og Andrés Ingi Jónsson greiðir atkvæði á móti.
2. Sameining stofnana í URN. Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson kynnir vinnu ásamt gestum.
Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson forfallaðist vegna ríkisstjórnarfundar rétt fyrir fund. Nefndarmenn ræða almennt um tillögur sem komið hafa fram.
3. Ráðstefna NORA 14-17.mars um sjálfbæra svæðisbundna þróun í tengslum við UNESCO svæði.
Þjóðgarðsvörður fjallaði um ráðstefnu sem honum var boðið til á Grænlandi sem fjallaði um sjálfbæra svæðisbundna þróun í tengslum við UNESCO svæði. Tilgangur ráðstefnunnar var að skoða hvernig mismunandi UNESCO samningar og skilgreiningar geta örvað og framkallað meiri og öflugri byggðaðþróun. Fulltrúar mismunandi hagaðila voru á ráðstefnunni sem skipulögð var af NORA. Meðal annars fulltrúar frá mismunandi heimsminjasvæðum, vistvanga og jarðvanga ásamt fulltrúum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Önnur mál.

Formaður leggur til breyttan fundartíma og að fundað verði næst 19.apríl og 26 apríl. Nefndarmenn voru samþykkir breyttum fundartíma.

Þjóðgarðsvörður kynnir að hann hafi fengið í hendur rétt fyrir fundinn skýrslu Hafrannsóknarstofnunar með niðurstöðum á efnamælingum í vatni í Silfru á Þingvöllum sem framkvæmd var af sérfræðingum Hafró. Niðurstaða rannsóknarinnar bendir til þess að sú köfunarstarfsemi sem stunduð hefur verið í Silfru hafi ekki áhrif á styrk efna sem mæld voru í lindarvatninu. Bent er á að mikilvægt er að fylgjast með styrk þessara efna í Silfru á næstu árum til að hægt sé að bregðast við ef einhverjar breytingar verða á þeim.

Fundi slitið.

